

**446. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,  
Tálknafirði, miðvikudaginn 10. október 2012  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) Formaður, Birna Benediktsdóttir (BB) Aðalmaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari.

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir, ritari

Oddviti athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki.

Oddviti óskaði eftir afbrigði við dagskrá, að tekinn verði á dagskrá undir almenn erindi liður nr.16, Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, fundargerðir stjórnar og greiðsluáætlun til áramóta. Og tekinn verði á dagskrá undir til kynningar liður nr. 24 Loftmyndir ehf, kynning á þjónustu. Aðrir liðir færast neðar sem því nemur.

Gengið til dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1. 1209031 - Fundargerð 799.fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 7.sept.2012**  
Lagt fram til kynningar.
- 2. 1209039 - Fundargerðir stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga.**  
Lagt fram til kynningar.
- 3. 1209070 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða - fundargerð heilbrigðisnefndar 31. ágúst 2012.**  
Lagt fram til kynningar.
- 4. 1209016F - [Fjallskilanevnd – 9.fundur 24.september 2012.](#)**  
1.tl. tekinn út til afgreiðslu: Greiðsla til þeirra starfsmanna sem ráðnir eru til smölunar af sveitarfélaginu er ákveðin kr. 12.150.- á dag, samþykkt að ráða mann með smalahunda eins og haustið 2011.  
Að öðru leyti er fundargerðin staðfest.
- 5. 1210001F - [Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps – 70.fundur 1.október 2012.](#)**  
Fundargerðin staðfest.
- 6. 1209001F - Félagsmálanefnd – 10.fundur 1.október 2012.**  
Fundargerðin staðfest.
- 7. 1209034 - Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2012/2013**  
Erindi sent hreppsnefnd í tölvupósti 17.9. 2012, umsókn Tálknafjarðarhrepps var send hreppsnefnd í tölvupósti til yfirlstrar.

Umsóknin var send í pósti 26. september. Samþykkt samhljóða.

8. **1210017 - Innanríkisráðuneytið – fyrirspurn um málstefnu sveitarfélaga.**  
Oddvita falið að svara erindinu. Samþykkt samhljóða.
9. **1210018 - Lögreglan á Vestfjörðun - leyfi til handa Ásgeiri Jónssyni til að skjóta vargfugl.**  
Ásgeir vék af fundi.  
Í bréfi yfirlögregluþjóns á Vestfjörðum kemur fram að þeir einir, sem eru meindýraeyðar, hafi heimild til eyðingar vargfugls, sbr. reglugerð nr. 149/1989. Oddvita falið að svara bréfinu, þar sem Ásgeir Jónsson hefur réttindi sem meindýraeyðir og þau gögn fylgdu beiðni um undanþágu. Samþykkt BB,BSH,BG,EIS.
10. **1208048 - Náttúrustofa Vestfjarða – bréf Endurskoðunar Vestfjarða, bréf Bolungarvíkurkaupstaðar. Skipun nýrrar stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða.**  
Ásgeir kom til fundar.  
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps tilnefnir Þóri Sveinsson, sem fulltrúa Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í stjórn Náttúrustofu Vestfjarða og til vara Eyrúnu Ingibjörgu Sigbórsdóttur. Samþykkt samhljóða.
11. **1210019 - Skipulagsstofnun - Tillaga að landsskipulagsstefnu 2013-2024, ósk um umsögn**  
Oddvita falið að ræða við fulltrúa sveitarfélagsins til að meta hvort send verði umsögn. Samþykkt samhljóða.
12. **1209037 - Svavar K. Lúthersson - Erindi til stjórnar um málefni OpenStreet Map**  
Forstöðumanni tæknideildar falið erindið til úrvinnslu. Samþykkt samhljóða.
13. **1210015 - Umhverfisstofnun - skil á skýrslum um refa- og minnkaveiðar 2011/2012**  
Engar upplýsingar liggja fyrir, eftir að hætt var að greiða fyrir eyðinguna. Sveitarfélagið hefur ekki upplýsingar um að einhver sé að sinna verkefninu.  
Mjög nauðsynlegt er að ríkið taki aftur þátt í kostnaði þannig að hægt verði að greiða fyrir þessa þjónustu, þar sem mikil fjölgun hefur orðið á ref á svæðinu. Samþykkt samhljóða.
14. **1210003 - Mennta- og menningarmálaráðuneytið Tálknafjarðarskóli, Hjallastefna**  
Málið er komið til úrvinnslu í innanríkisráðuneytinu. Lagt fram til kynningar.
15. **1210023 - Vesturbyggð, stofnun sameiginlegar fjallskilanefndar Vestur-Barðastrandarsýslu.**  
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir að stofnuð verði sameiginleg fjallskilanefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, skv. Fjallskilasamþykkt Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslna. Samþykkt samhljóða.
16. **1210029 - Minjasafn Egíls Ólafssonar fundargerðir funda stjórnar nr 85 - 87. Greiðsluáætlun fjárförf til áramóta 2012**  
Samþykkt aukaframlag til Minjasafnsins á árinu 2012, að upphæð kr.

750.000.- Samþykkt með atkvæðum EIS,BB,BG og ÁJ. BSH sat hjá.

**17. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**

Oddviti kynnti að endurbyggingu stálþils er lokið og unnið er að útboðsgögnum vegna þekjunnar.

Kjörskrá liggur frammi og má gera breytingar til kjördags.

Skrifstofan verður lokuð föstudaginn 12. okt. og mánudaginn 15. vegna fundar með fjárlaganefnd þann 15.

**18. 1209069 - Brunabótafélag Íslands - Ágóðagreiðsla 2012**

Lagt fram til kynningar.

**19. 1210016 - Byggðastofnun - Skýrslan Samfélag, atvinnu og íbúapróun í byggðalögum með langvarandi fólksfækkun.**

Lagt fram til kynningar.

**20. 1209035 - Umhverfis- og Auðlindarráðneytið - Náttúruverdalög, umsögn**

Lagt fram til kynningar.

**21. 1209032 - Ríkiskaup - Rammasamningakerfi- staðan 2012**

Lagt fram til kynningar.

**22. 1210014 - Sorpurðun Vesturlands - Gjaldskrá í Fíflholtum**

Lagt fram til kynningar.

**23. 1210008 - Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis beiðni um umsögn um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, 180.mál**

Lagt fram til kynningar.

**24. 1210028 - Loftmyndir ehf, kynning á þjónustu fyrirtækisins.**

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.19:00.**


